

STEFNA OG VERKLAGSREGLUR MK

UM ÁBYRGA NOTKUN GERVIGREINDAR

Fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk

Efnisyfirlit

1. Inngangur og tilgangur	2
1.1 Forsendur stefnunnar	2
1.2 Tilgangur	2
2. Stefna og verklagsreglur – Nemendur	3
2.1 Meginregla um notkun gervigreindar	3
2.2 Leyfileg notkun gervigreindar	3
2.3 Bannaðar aðferðir – akademískur óheiðarleiki.....	3
2.4 Að sýna fram á notkun.	4
2.5 Mannlegt framlag.....	4
2.6 Gervigreind er ekki heimild	4
2.7 Einföld viðmiðunarregla.....	4
3. Stefna og verklagsreglur – Kennarar og starfsfólk	5
3.1 Hlutverk kennara í gervigreindarumhverfi.....	5
3.2 Leyfileg notkun kennara og starfsfólks	5
3.3 Takmarkanir og persónuvernd – starfsfólk	5
3.4 Reglur um gervigreind í námsmati	6
3.5 Endurhönnun náms og námsmats	6
Viðauki – Heimildir	7
1 Íslenskar mennta- og skólastofnanir	7
2 Stjórnvöld og löggjöf	7

1. Inngangur og tilgangur

1.1 Forsendur stefnunnar

Gervigreind hefur á skömmum tíma orðin hluti af daglegu lífi margra. Hægt er að finna fyrir þessari þróun í MK og er því mikilvægt að til sé skýr stefna varðandi gervigreind og notkun hennar fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Þetta skjal leggur til stefnu og verklagsreglur sem á að vinna eftir til að tryggja ábyrga notkun og til að nýta tækifærin sem gervigreind býður upp á.

1.2 Tilgangur

Tilgangur stefnunnar er að:

- setja skýran og samræmdan ramma um leyfilega og óleyfilega notkun gervigreindar í MK,
- tryggja akademískan heiðarleika og vönduð vinnubrögð í öllu námi og kennslu,
- hvetja til skapandi, gagnrýnninnar og faglegrar notkunar gervigreindar,
- vernda persónuupplýsingar nemenda, foreldra og starfsfólks,
- byggja upp gervigreindarlæsi nemenda og starfsfólks,
- undirbúa nemendur undir stafrænt samfélag og vinnumarkað þar sem gervigreind gegnir sífellt stærra hlutverki.

2. Stefna og verklagsreglur – Nemendur

2.1 Meginregla um notkun gervigreindar

Meginregla MK er að notkun gervigreindar sé leyfð til þess að styðja við nám, en ekki til þess að koma í staðin fyrir það. Nemendur eru ávallt ábyrgir fyrir eigin verkefnum og þeirri vinnu sem þeir skila. Heimild til notkunar er ávallt háð því að nemandi virði þær reglur um persónuvernd, höfundarrétt, gagnsæi og akademískan heiðarleika sem fram koma í þessu skjali.

Kennurum er heimilt að banna notkun gervigreindar við ákveðin verkefni eða hluta af verkefni, þetta bann skal vera rökstutt af kennara og kemur fram í kennsluáætlun eða verkefnalýsingu.

2.2 Leyfileg notkun gervigreindar

Nemendur í MK mega til dæmis, í samræmi við leiðbeiningar viðkomandi kennara, nota gervigreind í eftirfarandi tilgangi:

- Hugmyndavinnu og uppkast að ritgerðum, verkefnum og kynningum.
- Leit að upplýsingum og efni til frekari rannsóknar (gervigreind er þó EKKI sjálfstæð heimild).
- Endurskoðun, prófarkalestur og ritstýringu á eigin texta.
- Þýðingar og umorðun (með mannlegri yfirferð og ábyrgð á niðurstöðu).
- Útskýringar á flóknum hugtökum, dæmum og námsefni.
- Undirbúning kynninga eða munnlegra prófa.
- Hjálp við skipulag, tímastjórnun og námstækni.
- Aðstoð fyrir nemendur með námsörðugleika, lesblindu eða annað þar sem tæknin getur stutt jafnræði í aðgengi að námi.

Heimild: Háskóli Íslands / Setberg (2025), Gervigreind fyrir nemendur; Háskólinn á Akureyri (2025).

2.3 Akademískur óheiðarleiki

Eftirfarandi telst alvarlegt brot á gervigreindar reglum MK:

- Að skila verkefni sem gervigreind hefur skrifað í heild eða að verulegu leyti, án eigin framlags og án þess að gera grein notkun gervigreindar.
- Að nota gervigreind á prófum eða í verkefnum þar sem notkun er bönnuð samkvæmt kennara, verkefna eða áfangalýsingu.
- Að nota gervigreind til að þykjast hafa þekkingu eða hæfni sem nemandinn hefur ekki tileinkað sér.
- Að deila einkaupplýsingum skólans eða persónuupplýsingum annarra (nemenda, kennara, foreldra) með gervigreindartólum.
- Að breyta texta gervigreindar lítillega til að dylja uppruna hans.
- Að nota gervigreind til að framleiða falsa efni um nemendur, kennara eða skólann (t.d. djúpfölsuð myndbönd eða raddir).

2.4 Að sýna fram á notkun.

Þegar gervigreind er leyfð geta kennarar kallað eftir því að nemendur skili hlekk að spjallinu við gervigreind sem þeir notuðu til að aðstoða við verkefnið.

Þetta er gert til þess að nemendur geti sýnt fram á að þeir séu nota gervigreind á ábyrgan hátt við vinnslu verkefna. Ef þig langar ekki að sýna fram á hvernig þú notaðir gervigreind þá er tímabært að spyrja sig hvort notkun þín hafi verið til þess að styðja við lærdóm þinn eða að koma í staðin fyrir hann?

2.5 Mannlegt framlag

Til að verkefni teljist eigið verk nemandans þarf verulegt eigið vitsmunalegt framlag að liggja fyrir. Slíkt framlag felur m.a. í sér:

- Eigin hugmyndavinnu, rannsóknarspurningu eða markmið.
- Þróun á eigin röksemdafærslu, túlkunar eða greiningar.
- Skipulag og uppbyggingu verksins.
- Ígrundaða og markvissa fyrirmælagjöf til gervigreindar.
- Gagnrýnt val, úrvinnslu og samþættingu á úttaki gervigreindar.
- Persónulega yfirferð, leiðréttingar og staðfestingu á réttmæti efnis.

Að afrita úttak gervigreindar og leggja það fram óbreytt eða lítið breytt sem eigið verk telst ekki verulegt framlag og er brot á akademískum heiðarleika.

2.6 Gervigreind er ekki heimild

Gervigreind ofskynjar og með því getur dregið rangar ályktanir, búið til tilvitnanir og fundið upp staðreyndir. Allar upplýsingar úr gervigreind skal staðfesta í áreiðanlegum frumheimildum áður en þær eru notaðar í verkefnum eða ritgerðum. Aldrei má vísa til gervigreindartóls sem heimildar í texta.

2.7 Einföld viðmiðunarregla

Einföld viðmiðunarregla MK

Spurðu þig: ef kennarinn minn sæi nákvæmlega hvernig ég notaði gervigreindina, myndi hann/hún samþykkja það?

- **Já:** Notkunin er líklega í lagi : mundu samt að tilgreina hana ef hún hafði umtalsverð áhrif.
- **Nei eða veit ekki:** Spurðu kennarann ÁÐUR en þú heldur áfram.

Forðastu að nota gervigreind á þann hátt sem þú vilt ekki gera grein fyrir.

3. Stefna og verklagsreglur – Kennarar og starfsfólk

3.1 Hlutverk kennara í gervigreindarumhverfi

Kennarar bera ábyrgð á að:

- ákveða hvaða notkun gervigreindar er heimil eða óheimil í hverjum áfanga,
- tilgreina þessar reglur skýrt í kennsluáætlun eða verkefnalýsingum,
- fræða nemendur um ábyrga notkun gervigreindar og takmarkanir hennar,
- endurhanna námsmat eftir því sem þurfa þykir til að það endurspegli raunverulega hæfni nemenda,
- leiðbeina nemendum á gráu svæðunum og taka ákvarðanir um vafamál af fagmennsku.

3.2 Leyfileg notkun kennara og starfsfólks

Kennurum og öðru starfsfólki MK er heimilt að nota gervigreind í eftirfarandi tilgangi, í samræmi við persónuverndarkröfur og reglur skólans:

- Undirbúning kennslugagna, fyrirlestra og verkefna (með mannlegri yfirferð og ritstýringu).
- Hugmyndavinnu fyrir námsmat, verkefni og kennsluaðferðir.
- Samantektir, umorðun og aðlögun námsefnis að fjölbreyttum nemendahóp
- Drög að endurgjöf á nemendaverkefni (en endanleg endurgjöf skal vera mannleg og persónuleg).
- Undirbúning samskipta við foreldra og forráðamenn (án þess að persónuauðkenna nemenda).
- Greiningu og samantekt á rannsóknum og fræðiefni til faglegrar þróunar.

3.3 Takmarkanir og persónuvernd – starfsfólk

Í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd mega kennarar og starfsfólk MK aldrei setja eftirfarandi gögn inn í gervigreindartól.

- Nöfn nemenda, kennitölur, netföng eða önnur auðkenni.
- Einkunnir, námsmat eða einstaklingsmiðaðar námsupplýsingar.
- Heilsufarsupplýsingar, sálfræðileg gögn eða gögn um sérkennslu.
- Persónulegar fjárhagsupplýsingar eða trúnaðargögn um starfsfólk.

Tegund gagna	Heimilt?	Athugasemd
Nafnlaust kennsluefni	JÁ	Almenn dæmi, textar og viðfangsefni án persónutengdra upplýsinga.
Nafn nemanda	NEI	Bannað skv. Persónuverndarlögum.

Tegund gagna	Heimilt?	Athugasemd
Einkunnir og námsmat	NEI	Trúnaðarupplýsingar.
Kennitala / netfang	NEI	
Almennar starfsmannaupplýsingar	NEI	
Drög að foreldrasamskiptum (nafnlaus)	Með varúð	Aldrei nöfn eða auðkenni nemenda eða foreldra. Endanleg gerð er ávallt mannleg.
Eigið námsefni (ópersónulegt)	JÁ	Heimilt með gagnsæi.

Heimild: Listaháskóli Íslands (2025); Háskólinn á Akureyri – viðauki B (2025); Lög nr. 90/2018 um persónuvernd.

3.4 Reglur um gervigreind í námsmati

Kennarar ákveða sjálfir, innan ramma þessarar stefnu, hvaða reglur gilda um gervigreind í hverjum áfanga. Eftirfarandi viðmið gilda:

- Reglur um gervigreindarnotkun skulu koma skýrt fram í kennsluáætlun eða verkefnalýsingu í upphafi annar eða þegar verkefni eru kynnt.
- Rökstyðja þarf hvers vegna gervigreind er takmörkuð eða bönnuð, nemendur eiga rétt á að skilja af hverju.
- Ef engar sértækar reglur eru tilgreindar gilda meginreglur MK: Notkun sem stýrist af ábyrgð og gagnsæi.
- Sjálfvirk greiningartól (t.d. AI-skannar í Turnitin eða ZeroGPT) eru talin óáreiðanleg og skulu ekki vera einar grundvöllur ákvörðunar um brot. Ávallt skal styðjast við faglegt mat og samtal við nemandann.

3.5 Endurhönnun náms og námsmats

Tilkoma gervigreindar kallar á endurskoðun á því hvernig nám og námsmat er hannað. Kennarar í MK eru hvattir til að:

- Leggja aukna áherslu á ferli og rökstuðning, ekki einungis lokaafurð.
- Nota munnleg próf, kynningar, leiðsagnarmat og samtöl þar sem nemandi þarf að útskýra sína vinnu.
- Hanna verkefni sem byggja á persónulegri reynslu, gagnrýnni hugsun eða vettvangsverkefnum sem gervigreind ein ræður ekki við.
- Nýta gervigreindartól markvisst sem hluta af kennslunni þar sem það á við (t.d. í forritun, þýðingum, skapandi vinnu).
- Deila reynslu sinni með samkennurum og taka þátt í fagþróun á sviði gervigreindar.

Viðauki – Heimildir

Eftirfarandi heimildir voru notaðar við gerð þessarar stefnu. Allar heimildir eru frá íslenskum stofnunum, stjórnvöldum og skólum, auk evrópsks regluverks.

1 Íslenskar mennta- og skólastofnanir

- Háskólinn á Akureyri. (2025). Leiðbeinandi stefna um ábyrga notkun gervigreindar. Samþykkt í Háskólaráði 30. október 2025. www.unak.is
- Háskólinn á Akureyri. (2025). Viðauki A – Leiðbeiningar, áhættustjórnun og viðbrögð við misnotkun.
- Háskólinn á Akureyri. (2025). Viðauki B – Gagnaöryggi og persónuvernd í heimi gervigreindar.
- Háskóli Íslands / Setberg. (2025). Gervigreindarstefna Háskóla Íslands. setberg.hi.is
- Háskóli Íslands / Setberg. (2025). Gervigreind fyrir nemendur. gervigreind.hi.is
- Listaháskóli Íslands. (2025). STE-0294 Stefna um gervigreind, útg. 2.0. Samþykkt 21. nóvember 2025. www.lhi.is
- Menntaskólinn við Sund. (2025). „Grípum tækifærið – gervigreind í skólastarfi.“ Sprotasjóðsverkefni 2025. www.msund.is
- Framhaldsskólinn á Húsavík. (2025). Skólafundur – gervigreind. www.fsh.is
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). (2025). Þróunarverkefni um gervigreind í skólastarfi – samstarfssamningur við Anthropic og Google. island.is

2 Stjórnvöld og löggjöf

- Forsætisráðuneytið. (2021). Stefna Íslands um gervigreind. www.stjornarradid.is
- Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. (2024). Fyrsta aðgerðaáætlun Íslands um gervigreind 2024–2026.
- Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið. (2025). Aðgerðaáætlun um gervigreind 2025–2027.
- Alþingi Íslands. (2018). Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Alþingi Íslands. (2008). Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla.
- Evrópusambandið. (2016). Reglugerð (ESB) 2016/679 um persónuvernd (GDPR).
- Evrópusambandið. (2024). Reglugerð (ESB) 2024/1689 um gervigreind (EU AI Act).